

Kennari	Bragi S. Óskarsson og Helgi Valur Harðarson	Sk.st.	BSÓ, HVH
----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum fær nemandinn yfirsýn yfir helstu efni og efnisflokka sem notaðir eru við bygginga- og mannvirkjagerð ásamt leiðsögn við rétt efnisval eftir verkefnum, aðstæðum og umhverfi. Fjallað er um tré sem smíðaeefni og uppbyggingu þess, plötuefni, festingar, steinsteypu, múr og múrefni, málma og bendistál, pípulagnaefni, plastefni, málningar- og spartlefni, fúgu- og þéttiefni, lím, einangrun, gler, þakefni, klæðningarefni, gólfefni og veggfóður. Gerð er grein fyrir uppruna efnanna, flokkun þeirra, merkingum, eiginleikum og hlutverki. Nemandinn kynnist viðfangsefnum og fagsviði húsasmiða, húsgagnasmiða, málara, múrara, pípulagningarmanna og dúklagningarmanna. Fjallað er um notkun helstu véla og verkfæra sem algengust eru í iðngreinum og farið yfir öryggismál.

Kennsla samanstendur af fyrirlestrum og verkefnavinnu þar sem nemendur afla sér upplýsinga með margvíslegu móti, t.d. með vinnustaðaheimsóknum og samtölum við fagaðila. Áfanginn er hluti af grunnnámi byggingagreina.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- byggingaefnum og notkunarsviði þeirra
- flokkun byggingaefna og gæðum eftir tegundum
- sérstöðu og skörun verkþátta milli einstakra faggreina
- algengustu faghugtökum sem notuð eru innan hvernar fagstéttar
- mikilvægi fagmennsku og góðs handverks innan atvinnugreinanna
- mikilvægi samstarfs á milli fagstétta
- mikilvægi öryggismála

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- velja efni miðað við notkunargildi og aðstæður
- lesa flokkun efna (t.d. frá framleiðendum)
- greina hvaða efni má nota saman og hver ekki
- meðhöndla byggingaefni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja byggingaefni til notkunar fyrir mismunandi verkefni innanhúss og utan
- nýta faghugtök í samræðu
- afla sér frekari þekkingar um viðfangsefni áfangans

Námsgögn:

Glæsur, myndir, myndbönd og verkefni sem kennari leggur til.



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
34	Grundun og jarðefni	Google forms verkefni	10%
35-36	Steinsteypa	Google forms verkefni	10%
37-38	Timbur	Google forms verkefni	10%
39-40	Málmur	Google forms verkefni Tímapróf 1	10% 20%
41	Plast		
42	Bendistál		
43	Einangrunarefni		
44	Gler		
45	Pípulagnaefni	Tímapróf 2	20%
46	Fúguefni	Google forms verkefni	10%
47	Þakafni		
48	Gólfefni		
49	Festingar	Tímapróf 3	20%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Tímapróf	Þrjú tímapróf tekin í Google Forms, 20% hvert	60%	
Verkefni	Fimm verkefni gerð í Google Forms, fjögur bestu gilda	40%	
	Samtals:	100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.			
Annað:			

Kennari áskilur sér rétt til breytinga.

Dagsetning: 17/8 '21

Undirritun kennara

Undirritun kennara

Undirritun bráutarstj., fagstj eða staðgengils